

## Fundargerð

176. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðviku-  
daginn 7. október 2015, kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

### Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð.**

2. **Fjárhagsáætlun 2016**

Alfreð Schiöth kynnti forsendur fjárhagsáætlunar og lagði fram fjárhagsáætlun að höfðu samráði við formann heilbrigðisnefndar. Rætt var um uppsetningu og helstu liði áætlunarinnar og hún samþykkt. Fjárhagsáætlun 2016 gerir ráð fyrir 1,24% hækkun frá yfirstandandi ári.

3. **Kynning á tilraunaverkefni um hljóðvist í þremur leikskólum á Akureyri, en um er að ræða samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Akureyrarkaupstaðar, Vinnueftirlits og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.**

Þórey Agnarsdóttir, sem situr í stýrihópi verkefnisins, fór yfir aðdraganda og markmið og fyrirhugaða framkvæmd þessa verkefnis. Stýrihópur vinnur að gátlista og nánari útfærslu verkefnisins. Þórey nefndi að oft er hægt að bæta hljóðvist með tiltölulega einföldum ráðum.

4. **Óhapp vegna tækjabúnaðar í heitum potti, verkaskipting Vinnueftirlits ríkisins og heilbrigðiseftirlits sveitafélaganna, byggð á samþykkt vinnuhóps á vegum Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins frá 2007.**

Þórey Agnarsdóttir skýrði frá alvarlegu atviki sem varð í sundlaug þar sem hár á barni sogaðist inn í vatnsnuddtæki í heitum potti. Vinnueftirlit Ríkisins bannaði notkun þessa tækis og bæði Vinnueftirlit og Heilbrigðiseftirlit komu upplýsingum á framfæri við eftirlitsaðila um land allt um atvikið.

### Umsagnir:

1. **Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-20130 og samsvarandi nýtt deiliskipulag v/sjóbaða á Húsavíkurhöfða.**

Porkell Björnsson skýrði frá fyrirkomulagi og rekstri sjóbaða á Húsavíkurhöfða og kynnti tillögu að skipulagsbreytingum.

2. **Starfsleyfistillaga fyrir urðunarstað Norðurþings í Laugardal.**

María Markúsdóttir kynnti starfsleyfistilögur Umhverfisstofnunar og umsögn og ábendingar Heilbrigðiseftirlits vegna þessa.

3. **Starfsleyfistillaga fyrir urðunarstað Norðurþings við Kópasker.**

María Markúsdóttir kynnti starfsleyfistilögur Umhverfisstofnunar og umsögn og ábendingar Heilbrigðiseftirlits vegna þessa; m.a. hvað varðar markmið landsáætlunar um takmarkanir á urðun lífræns úrgangs.

#### 4. Skipulagslýsing vegna rammahluta aðalskipulags Akureyrar fyrir Oddeyri.

María Markúsdóttir kynnti umsögn og ábendingar Heilbrigðiseftirlits vegna skipulagslýsingar á Oddeyri.

#### Umsóknir um starfsleyfi:

1. Brauns ehf, kt. 650213-1060, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð að Ráðhústorgi 1, 01-401, fnr. 214-9812, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
2. Unnur Hafstað Ármannsdóttir, kt. 220275-5669, umsókn um starfsleyfi vegna heimagistingar að Böggvisstöðum, 621 Dalvík. **Samþykkt.**
3. Bryggjufélagið ehf, kt. 491098-2369, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingahúsið Bryggjuna, Strandgötu 49. **Samþykkt.**
4. HR ehf, kt. 370715-0430, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingahúsið Strikið, Skipagötu 14, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
5. R353 ehf, kt. 510412-0360, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingahúsið T-Bone Steikhús, Brekkugötu 3, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
6. Festa ehf, kt. 611189-1419, umsókn um starfsleyfi fyrir gistiskála undir nafninu Stjörnusól, Geislagötu 12, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
7. North Holding ehf, kt. 610513-2200, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð að Löngumýri 13, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
8. Augnlæknastofan sf, kt. 590179-0199, Kaupangi við Mýrarveg. Augnlæknaþjónusta en engar aðgerðir. Rekstaraðili Margrét Jóhanna Loftsdóttir kt. 050760-3329, Kotárgerði 14, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
9. Augnlæknastofa Ragnars Sig. ehf., kt. 630403-3080, Kaupangi við Mýrarveg. Augnlæknaþjónusta. Rekstaraðili Ragnar Sigurðsson kt. 160742-2759, Álfabyggð 11, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
10. Sambýlið Borgargili 1, kt. 680115-0600, Þjónustukjarni með sex íbúðum fyrir fatlaða. Rekstaraðili Búsetudeild Akureyrarbæjar kt. 410169-6229, Glerárgötu 26, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
11. Sambýlið Þórunnarstræti 99, kt. 410169-6229, skammtí mavistun og stoðþjónusta fyrir fötluð börn, ungmenni og fullorðna einstaklinga sem búa í foreldrahúsum og skóla-/sumardagvistun fyrir börn á aldrinum 10-16 ára. Rekstaraðili Búsetudeild Akureyrarbæjar kt. 410169-6229, Glerárgötu 26, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
12. Skútabergh ehf., kt. 510108-0350, Skútum/Moldhaugahálsi, Hörgársveit. Efnisnám. María Markúsdóttir kynnti umsókn Skútaberghs ehf og þær athugasemdir og ábendingar sem bárust í framhaldi af auglýsingu. **Starfsleyfi samþykkt til 12 mánaða. Umræða varð um mikilvægi þess að Skútabergh ehf hagi framkvæmdum og verklagi í samræmi við starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar og þau skilyrði sem koma fram í gildandi deiliskipulagi.**
13. Orkey ehf., kt. 440507-0690, Njarðarnesi 10, 603 Akureyri. Mörbraeðsla ó beiðni um undanþágu. **Afgreiðslu frestað.**
14. P.S.verktakar ehf, kt. 410200-3250, Miðási 8-10, 700 Egilsstöðum, vinnubúðir v/Dettifossvagar. **Samþykkt.**

#### Önnur mál:

**-Tilkynning frá sundlauginni á Þórshöfn um nýtingu á ákvæði 2. gr. reglugerðar nr. 773/2012 um breytingu á reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, um að laugarvörður sinni afgreiðslu samhliða laugargæslu.**

Þorkell Björnsson og Þórey Agnarsdóttir skýrðu ákvæði sundlaugarreglugerðar varðandi tilkynningaskyldu rekstraraðila sundlauga þegar laugarvörður sinnir jafnframt laugagæslu.

**-Sjúkrahúsið á Akureyri – förgun sóttmengaðs úrgangs.**

María Markúsdóttir og Þórey Agnarsdóttir skýrðu frá áformum Sjúkrahússins á Akureyri um að efla flokkun úrgangs og að senda allan sóttmengaðann úrgang til brennslu í Kólku í framtíðinni; eftir því sem eigin búnaður til dauðhreinsunar á úrgangi úreldist og verður tekinn úr notkun.

**-Starfsleyfi fyrir fráveitu Akureyrarbæjar.**

María Markúsdóttir kynnti tilmæli Umhverfisstofnunar um að tímabært er að vinna sértæk starfsleyfisráðgjörð vegna fráveitu Akureyrarbæjar, þar sem farið verði fram á vöktun viðtaka. Í umræðum kom fram að fráveitur sem eru stærri en sem nemur 50.000 persónueiningum eu háðar umhverfismati og nauðsynlegt að hrinda þeirri vinnu í framkvæmd.

-Ákveðið var að halda fund í heilbrigðisnefnd þann 4. nóv. n.k.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.20

_____	_____
	Alfreð Schiöth
_____	_____
Hjördís Stefánsdóttir	Þorkell Björnsson
_____	_____
Hólmfríður G. Jónsdóttir	Þórey Agnarsdóttir
_____	_____
Þórarinn Þórisson	María Markúsdóttir
_____	_____
Kristín Halldórsdóttir	